

**SAMANTEKT UM
PÓLÍTÍSKA STEFNUMÖRKUN**

AÐLÖGUN OG FULLORÐINS- FRÆÐSLA

**– til virkrar
þátttöku í
samfélagi og
atvinnulífi**



Nordic Network for
Adult Learning



MEGINSKILABOÐ

- Aðstoð við innflytjendur og flóttafólk við að aðlagast og taka þátt í nýju samfélagi er vandasöm vegna skorts á samhæfingu í yfirstjórn þessa málflokks.
- Flestir eru sammála um að raunfærnimat (RFM) sé mikilvægt verkfæri við aðlögun. Þrátt fyrir þetta líður vinnan á þessu sviði fyrir að hvorki eru fyrir hendi greinileg kerfi né aðferðir til þess að lýsa eða meta raunfærni.
- Aukin fagmennska í raunfærnimati er mikilvægur þáttur umbóta á þessu sviði.
- Umbætur á skipulagi við þjálfun stjórnenda geta stutt við fullorðinsfræðslu og hvatt til nýsköpunar.
- Almenn þörf er fyrir að efla þverfaglegt samstarf á sviði aðlögunar og virkrar þátttöku í samfélaginu.
- Öll Norðurlöndin glíma við áþekk vandamál hvað þetta varðar og Norræna ráðherra-nefndin getur veitt stuðning með því að styrkja kerfisbundna miðlun reynslu og með því að koma á markvissum tilrauna-verkefnum.

BAKGRUNNUR

Árið 2016 lagði Norræna ráðherranefndin (NMR) grunn að norrænu samstarfsverkefni um aðlögun og flóttafólk. Markmiðið var:

„Að styðja við starf landanna við aðlögun með því að styrkja norrænt samstarf um aðlögun flóttafólks og innflytjenda þar sem sjónum væri beint að miðlun reynslu og þróun nýrrar þekkingar“.

Í kjölfarið setti NMR mörg þróunarverkefni í gang, með það að markmiði að auðvelda aðlögun flóttafólks og innflytjenda að samfélaginu. Á grundvelli þessa átti embættismannanefndin um menntun og rannsóknir (EK-U) frumkvæði að verkefninu „Nám fyrir atvinnulífið og virk þátttaka í samfélaginu“ sem er grundvöllur þessarar samantektar. Verkefnið fólst í að kanna, út frá reynslu og niðurstöðum rannsókna, jafnt á landsvísu og í norrænum verkefnum, hvort einhverjir sérstakir þættir hefðu áhrif á það hversu vel gengur að aðlaga flóttafólk og innflytjendur að nýju samfélagi. Greiningin leiddi í ljós, að svo reyndist vera. Í þessari samantekt um pólitíska stefnumörkun er sagt frá úrvali þátta og tillagna sem geta auðveldað aðlögun þvert á norrænu löndin og fagsvið.

„Stjórnendur þurfa að íhuga og þróa hugmyndir um HVERNIG best sé að stýra vinnuhópi, svo að jafnræði og skilningur megi nást.“

MIKILVÆGI STJÓRNENDA

Skipulag og stjórnun hafa afgerandi áhrif á hvort nýjar aðgerðir á sviði aðlögunar og öðrum sviðum gagnast. Þess vegna verða stjórnendur að þekkja og skilja hve mikilvægt það er að virkja þátttakendur og sýna áunninni reynslu þeirra af framkvæmd og samskiptum virðingu. Þessi viðhorf stjórnenda munu greiða fyrir færniþróun og þroska starfsfólks. Stuðningur stjórnenda og skipulags er nauðsynlegur til þess að starfsmenn þori að axla ábyrgð og reyna nýjar og ófyrirsjáanlegar aðferðir með þeirri áhættu sem því fylgir fyrir eigin hlutverk og reynslu. Úr þessu má bæta með því að skipuleggja teymisvinnu, veita samfelldan stuðning með mati og innblæstri, svo og fjármögnun.

- Með hliðsjón af þessu er lýst eftir aukinni áherslu á norrænt samstarf um nám og aðlögun stjórnenda, sem stutt getur ferli sem hér hefur verið lýst.

AÐ SAMHÆFA AÐLÖGUN VIÐ NÝ SAMFÉLÖG, JAFNT VIÐ MÓTUN STEFNU OG FRAMKVÆMD HENNAR.

Í efsta lagi stjórnsýslunnar, er skipulag sviðsins ekki í samhengi vegna þess að ólík markmið og rök ráðuneyta hindrar samstarf, því eru viðfangsefni umsýslu aðlögunar og hvatningar til virkrar þátttöku í samfélaginu sérstaklega vandasöm og brýn. Ennfremur er ónóg samhæfing á aðgerðum og samstarfi viðeigandi aðila veruleg hindrun fyrir áhrifaríka aðlögun við samfélagið. Þess vegna geta einstaka aðgerðir unnið gegn hver annarri. Afleiðingarnar eru lakari árangur af aðlögunar- aðgerðum, sem aftur hafa í för


með sér tilsvarendi neikvæðar afleiðingar fyrir jafnt einstaklinga og samfélagið. Þess vegna er lýst eftir samstarfi á milli þeirra sem móta stefnuna, svo og samræmis á milli stefnumótun stjórnmal- manna og framkvæmd stefnunnar. Fram hefur komið að skortur á samhæfingu hefur í för með sér að fyrirtæki og vinnustaðir hika við að taka þátt í samstarfi um aðgerðir á sviði aðlögunar og virkrar þátttöku í samfélaginu, með þeim rökum að ósam- hæfð og langdregin framvinda stjórnsýslunnar standi í veginum.

„Ábyrgð á samhæfingunni verður að vera með tilskipun og vera hluti af verkáætlunum og fjárhagsáætlunum.“

Þetta getur leitt til þess að fyrirtæki fái ekki starfsfólk við hæfi og að þeir sem eru nýlega fluttir til landsins komist ekki út á vinnumarkaðinn. Þörf er fyrir nýjar hugmyndir um pólitíska ramma, skipulag og kerfi, sem geta stutt vinnuna í raun og leitt til jákvæðari árangurs.

- ! Gera þarf kröfu um og veita umboð til samhæfingar á samstarfinu og skapa forsendur fyrir samhæfingu bæði með verkáætlunum og fjár- veitingum.

„Stjórnendur þurfa að íhuga og þróa hugmyndir um HVERNIG best sé að stýra vinnuhópi, svo að jafnræði og skilningur megi nást.“



MAT Á RAUNFÆRNI

Fljótverk og tímanleg greining og mat á raunfærni nýaðfluttra er afar mikilvæg fyrir aðlögun á vinnumarkaði jafnframt því að unnt sé að skipuleggja færniþróun og nám við hæfi. Víða á Norðurlöndum skortir hæft og faglært starfsfólk. Mat á raunfærni getur verið afar gagnlegt við markvissa færniþróun bæði fyrir atvinnulausa, nýaðflutta og aðra markhópa með sérstakar þarfir. Mat á raunfærni er í sífelldri þróun bæði í hverju landi fyrir sig, sem og á norræna vísu. Sérfræðingahópur um raunfærnimat hefur allt frá árinu 2005 viðað að sér, flokkað og þróað reynslu af og þekkingu á raunfærnimati á Norðurlöndunum.

Eigi að síður blasa við mörg óleyst vandamál í þeim kerfum og aðferðum sem notast er við þegar raunfærni er metin. Einkum er lýst eftir því að stjórnvöld skapi fyrirtækjum og menntastofnunum ramma sem geri þeim í samstarfi kleift að þróa skýr kerfi og verkfæri til þess að lýsa og meta raunfærni.

- ! Jafnframt er lýst eftir því að faggeirar, stofnanir og fyrirtæki lýsi á greinargóðan hátt þeirri færni sem krafist er til tiltekinnar verkefna, á forni sem auðveldar mat á raunfærni.

STYRKING Á NORRÆNUM VETTvangi TIL ÞESS AÐ VEITA FRÆÐSLU UM AÐLÖGUN OG NÁM FULLORÐINNA.

Norrænt samstarf, tækifæri til þess að taka þátt í þverfaglegum verkefnum, málstofum og samstarfi um aðlögun og virka þátttöku í samfélaginu, svo og önnur málefni ofarlega á baugi, þykja afar jákvæð. Virðisauki fæst af samstarfi, svo sem þvert á landamæri og geira. Sameiginleg gildi, lýðræðisleg stjórnun og samræður veita tækifæri til samstarfs, yfirfærslu og innleiðingu á hugmyndum annarra og veita innblástur í eigin starfi. Munur á milli þjóðanna veitir innblástur til staðbundinnar þróunar og bætir kerfi, skipulag og framkvæmd.

Þátttaka í norrænum fundum, málstofum, ráðstefnum og norrænum netum er farvegur fyrir faglega og persónulega þróun. Fundarstaðir þar sem lagt er upp úr samskapandi vinnulagi þar sem þátttakendur eru virkir og læra „af“ og „með“ hverir öðrum eru sérstaklega mikils metnir.

! Hvatt er til þess að halda áfram að miðla reynslu með kerfisbundnum hætti á norrænum vettvangi.

Dæmi um aðgerðir stjórnvalda og skipulag sem beinist að samhæfingu og samstarfi

- Færnistefna Norðmanna og nefnd um færniþarfir þar sem áhersla er lögð á samstarf yfirvalda, fyrirtækja og fræðslustofnana.
- IGU er tveggja ára grunnmenntun í Danmörku þar sem tengslin við vinnumarkaðinn eru styrkt með því að virkja fyrirtæki í hvoru-tveggja, starfsþjálfun og starfsmenntun.
- Fljótverk aðlögun, „Professional Academy“, í Svíþjóð. Einstaklingsmiðuð menntun fyrir meðal annars nýaðflutta. Þrátt fyrir að menntunin taki lengri tíma fyrir nýaðflutta gagnast hún þeim vel því tími aðlögunar stýttist með því umtalsvert.



HVAÐ ER HÆGT AÐ GERA Á NORRÆNA VÍSU?

Þvert á norræn landamæri, bæði á sviði stjórn mála og við mismunandi framkvæmdir, er hægt að takast á við sambærilegar áskoranir og gera tillögur að samnorrænum lausnum.

Á grundvelli annars vegar tillagna í skýrslu norræna verkefnisins sem getið var að ofan og hins vegar núverandi samstarfs um nám fullorðinna á Norðurlöndum, er lagt til að:

- 1 NMR tryggi áframhaldandi vettvang og tækifæri til þess að halda norræna og þverfaglega fundi um aðlögun og önnur mikilvæg þemu á sviði fullorðinsfræðslu.
- 2 Æðstu norrænu stofnanir, eins og Norræna ráðherranefndin, beiti norrænum stofnunum og áætlunum til að skapa norrænan og þverfaglegan vettvang þar sem hægt er að miðla reynslu af skipulagi og pólitísku frumkvæði, hvað varðar innflytjendur og nám fullorðinna. Frumkvæðið getur verið annað hvort í norrænu sam-

starfi, eða í samstarfi við önnur lönd sem eiga aðild að þeim norrænu áætlunum og stofnunum sem eiga frumkvæði að þeim þverfaglegu hópum sem í sameiningu leggja grunn að norrænum, svæðisbundnum eða staðbundnum viðburðum. Þegar hefur verið gripið til ýmissa aðgerða og brýnt er að fylgja stöðugt eftir nýjum viðburðum og miðla reynslu.

- 3 Komið verði af stað norrænu tilraunaverkefni, með það að markmiði að þróa raunhæfa leið fyrir sí- og eftirmenntun fyrir stjórnendur í fullorðinsfræðslu. Tilraunaverkefni af slíku tagi ætti að byggja á reynslu NVL af námshringjum um fullorðinsfræðslu og reynslu af Nordplus vöksen verkefnum sem eiga við.

- 4 Áfram sé haldið að þróa kerfi við raunfærnimat á norrænum vettvangi, sem uppfylla kröfur um gæði og ná til margra. At-

vinnugeirar og fyrirtæki lýsa nauðsynlegri hæfni sem hægt er að meta, og jafnframt þróa þau, í samstarfi við menntastofnanir, markvissar aðgerðir og efni um raunfærnimat.

Miðlun og notkun

Norræna tengslanetið um nám fullorðinna (NVL) beinir þessari samantekt um pólitíska stefnumörkun til Norrænu ráðherranefndarinnar og embættismannanefndarinnar um menntun og rannsóknir (EK-U). Til þess að stuðla að áframhaldandi samræðum um nám fullorðinna og aðlögun og til þess að þróa áfram skipulag og framkvæmd þess, er að heimilt að þýða samantektina á önnur tungumál og aðlaga hana á landsvísu. Aðstandendur NVL eru þakklátir fyrir viðbrögð við birtingu samantektarinnar og tillögur að mögulegu samstarfi.

www.nvl.org